



Skrá um nokkur málefni, sem
Framsóknarflokkurinn telur að leggja beri
áherslu á að framkvæma í væntanlegu
stjórnarsamstarfi.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Málefni – Framsóknarflokkurinn
– Sjálfstæðisflokkurinn – Stjórnarsamstarf – Kostningar – Hermann Jónasson - 1953

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-11, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrá

um nokkur málefni, sem Framsóknarflokkurinn telur að leggja beri áherzlu á að framkvæma í væntanlegu stjórnarsamstarfi.

Fylgis bréfi frá Framsóknarflokki til Sjálfstæðisflokksins, dags. 6. ágúst 1953.

1. Setning nýrrar stjórnarskrár.
2. Ehdurskoðun hervarnasamningsins og framkvæmdar hans.
3. Að tryggja greiðsluhallalausn ríkisbúskap og fjárhagslegt jafnvægi inn á við og út á við m.a. til þess að viðskipti geti verið sem frjálust.
4. Setning nýrra skatta- og útsvarslag.
5. Gera ráðstafanir til þess að auka sparifjáröfnun.
6. Að tryggja landbúnaðinum reksturslán.
7. Að hraða byggingu orkuvera, dreyfingu raforku og byggingu smásstöðva (einkastöðva) vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem ennþá hafa ekki rafmagn eða búa við ófullnægjandi raforku.
8. Að tryggja auknið fjármagn til lánveitinga til íbúðarhúsa- bygginga í kaupstöðum og þorpum og skipuleggja þá lánastarfsemi þannig að fjármagnið haldist í slíkri starfsemi og vandamál þetta leysist til frambúðar.
9. Gera Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði kleift að halda áfram útlánunum. Auka fjármagn veðdeildar Búnaðarbankans og lánveitingar til frumbýlinga.
10. Greiða fyrir öflun atvinnutækja í kaптúnunum og kaupstöðum.
11. Vinna að því að tryggja bátaútveginum sannvirði fyrir afla sinn.
12. Auka frelsi í útflutningsverzluninni.

13. Vinna að útvegum fjármagns til sementsverksmiðju og til
Íðnaðarbankans.
14. Setning löggjafar um skyldur og réttindi opinberra
starfsmanna.
15. Undirbúa stórvirkjanir og aukinn iðnað, sem geti tekið
við nægilega miklu af því vinnuafli, sem nú beinist að
hernaðarframkvæmdum.

Yfirleitt verði stefna stjórnarinnar og stefnan í banka-
málum miðuð við það, að hver landshluti fái notið náttúru-
skilyrða sinna til framfara og fyrirbyggt að enn fari sem á
stríðsárunum, þegar búseta raskaðist, svo að vandræði hlutust
af.

6/8 1953.

(sign) Hermann Jónasson.